

MELKORRA



2. HEFTI

MAÍ 1958

14. ÁRG.

Myndvefnaður Ásgerðar Búadóttur

Viðtal við listakonuna

Eftir *Drífu Viðar*

Listvefnaður hefur verið sjaldgæfur hér á landi en á seinni árum hefur lifnað mikið yfir þeirri listgrein. Ásgerður Búadóttir hefur nýlega haldið sýningu á myndvefnaði í Reykjavík og sýndi tíu myndir. Allt eru þetta veggteppi með nútímablæ, gráum, brúnum og hvítum litum eða bláum, svörtum og rauðfjólubláum, mildum og hvergi sterkum litum, t. d. kemur rauður litur hvergi fyrir. Þungamiðja þessarar sýningar var teppi, dimmt í lit en litríkt kyrrlátt verk og form þess ekki þau sömu og við eigum að venjast á ofnum teppum, uppistaða þess eru fletir og litir sem vegast á.

Ásgerður hefur sýnt myndvefnað eftir sig bæði hér heima og erlendis. Hún sýndi á Listvinasalnum við Freyjugötu, á alþjóðasýningu í München sendi hún tvo myndvefnaði, annar þeirra var verðlaunaður með gulli á þeirri sýningu. Hún hefur einnig sent myndvefnað á sýningu í Gautaborg, norrænu listsýninguna.

Þar sem Dalai Lama, hinn holdtekni guð, hefur verið gestur, en fyrra húsið var hjá Dr. Gregersen, sendiráðherra dana í Peking. Þeir tala um heima og geima og minnst eitthvað á snjómanninn í Nepal en þá grípa drengirnir frammí fyrir afa sínum og segja, það sé ekki bara einn snjómaður, þeir séu tveir og sé annar grænmetisæta en hinn kjötæta! Þetta verður til þess að talið berst að ýmsum merkilegum og sumum allkynlegum þjóðflokkum í Indlandi, þar sem hann segir að til séu öll menningarstig og allir þjóðflokkar.



Ásgerður Ester
Búadóttir

Melkorka hafði tal af listakonunni til þess að heyra sjónarmið hennar.

Við setjumst hjá vefnum hennar til þess að fá sem beinast samband. Á veggnum hjá vefstólnum hanga allskonar frumdrög, litlar „prufur“ og spjöld sem hún hefur verið að vefa í til reynslu. Svo er litað band á hillu fyrir ofan vefstólinn. Þetta er lítill vefstóll.

Hvernig stóð á því að þú fórst að vefa? Varstu að læra að mála?

Ég var hjá Kurt Zier í Handiðaskólanum, segir Ásgerður, síðan fór ég í Listaháskólann í Kaupmannahöfn og var þar í þrjá vetur. Ég málaði, teiknaði og lagði stund á svart-

list, raderingu og steinprent, ég skil það vel núna hversvegna Kurt Zier sagði svo oft að einhverjir okkar ættu að gefa sig að listiðnaði. Hann sagði það oft við mig. Það voru allir að mála. Ég byrjaði að vefa þegar ég kom heim frá Kaupmannahöfn. Það var eiginlega tilviljun. Ég fór á vefnaðarnámsskeið hjá Guðrúnu Jónasdóttur í Steinahlíð, og ég hef ekki snúið mér frá því aftur. Ég get tjáð mig miklu betur í þessu efni heldur en með þenslum eða öðru.

Hefurðu ekki lítinn tíma til þess með húsmóðurstarfinu?

Þetta er í rauninni róleg vinna, nema að því leyti að öll slík vinna lætur mann aldrei í friði. Mér finnst í rauninni ég hafa góðan tíma. Ef ég hugsa um eitthvert verkefni og set mér að gera það, geri ég það og annað verður þá útundan.

Hvaða band og liti notarðu?

Ég nota æfinlega íslenskt ullahband. En ég er ekki alltaf ánægð með útlit þess.

Litar þú aldrei sjálf?

Nei, ég lita ekki sjálf. Þá mundi ég engan tíma hafa til þess að vefa ef ég ætti að gera það með heimilisstörfunum. En vitanlega væri það miklu skemmtilegra og það er aldrei að vita hvert þessi vinna leiðir mann.

Notarðu ekki jurtaliti?

Nei, ég hef ekki gert það.


Þú notar mikið svart?

Svart hefur bætzt við litaskalann í vefnum eins og í málverkum. Einu sinni las ég viðtal við erlenda vefnaðarkonu þar sem hún sagði að auðvitað notaði hún ekki svart. Það getur verið hættulegur litur að nota. En allir litir breytast í afstöðu til annarra lita. Í einu teppi sem var á sýningunni sýnist svarti liturinn brúnn við hliðina á bláu og rauðfjólubláu.

Teiknarðu fyrst?

Já, það geri ég alltaf, en teppið verður oft frábrugðið teikningunni, það breytist í vefnum.

Hefurðu orðið fyrir áhrifum frá gömlum veggteppum?



Myndvefnaður eftir listakonuna

Ekki á annan hátt en góðir hlutir hafa áhrif á mann. En það er svo skrítið, segir Ásgerður, að teppi hafa alltaf haft áhrif á mig. Hversvegna þau hanga á vegg en eru ekki á gólfi veit ég ekki, líklega er það af skyldleikanum við málalalistina, þar sem vaninn er að hengja myndir á vegg.

Ég spyr listakonuna hvort hún hafi strax fundið að þarna væri hennar verksvið og efniviður?

Já, það finnst mér segir hún. Eða það vona ég.

Í nafni Melkorku þakka ég svo fyrir viðtalið og óska Ásgerði gæfu og gengis í starfi sínu.

Fundur haldinn í Menningar og friðarsamtökum Íslenskra kvenna þriðjudaginn 25. marz 1958, skorar á ríkisstjórnina að framkvæma viljayfirlýsingu Alþingis frá 28. marz 1956 og vinna að tafarlausrí brottför erlends hers af Íslandi. Jafnframt noti ríkisstjórnin rétt (Íslands) á næsta ári til endurskoðunar Atlantshafsbandalagssamningsins með úrsögn Íslands fyrir augum, og leiti þegar eftir tryggingu stórveldanna á ævarandi hlutleysi Íslands. (Samanber tryggingu atómvelda á hlutleysi Sviss).